

Leiðbeiningar vegna breytts atkvæðavægis á Sambandsþingi.

Eftir breytingar á lögum félagsins frá sambandsþingi 2022 hefur atkvæðavægi félaga verið breytt og ræðst nú af stærð félaga. Mikilvægt er að aðildarfélög með fulla aðild eða aðildarfélög sem hyggjast sækja um fulla aðild á þinginu hlaði upp undirskriftuðu skjali við [skráningu](#) þingfulltrúa sinna, þar sem tekinn er fram réttur fjöldi félagsmanna eða félagsseininga, sbr. [14. gr. samþykktu LUF](#). Þarf undirskrifað skjal að berast skrifstofu LUF eigi síðar en **18. febrúar**. Ef upplýsingar um fjölda félagsmanna eða félagsdeilda berst ekki er viðkomandi aðildarfélagi úthlutað aðeins einu atkvæði, óháð stærð þess.

14. gr. samþykktu LUF:

Atkvæðisrétt hafa einungis fulltrúar fullgildra aðildarfélaga. Félag telst fullgilt hafi það fulla sambandsaðild og skuldi ekki félagsgjöld til LUF. Atkvæðafjöldi hvers félags á sambandsþingi ræðst af félagatali hvers aðildarfélags og reiknast þannig:

0-200 félagar = 1 atkvæði
201-400 félagar = 2 atkvæði
401-800 félagar = 3 atkvæði
801-1600 félagar = 4 atkvæði
1601-3200 félagar = 5 atkvæði
3201-6400 félagar = 6 atkvæði
6400+ félagar = 7 atkvæði

Aðildarfélög sem byggja ekki á einstaklingsaðild er úthlutað atkvæðafjölda eftir fjölda hópa, skóla, nemenda- eða ungmennaráða sem eru með aðild að, eða tengjast sambandinu með beinum hætti. Meirihluti félagsmanna hvers hóps með aðild verða að teljast til ungmenna til að telja við úthlutun atkvæða. Þannig hafa aðildarfélög með 5 eða færri aðildarhópa 1 atkvæði, 10 eða færri hafa 3 atkvæði, 20 eða færri hafa 5 atkvæði og fleiri en 20 hafa 7 atkvæði.

Skulu aðildarfélög hafa skilað inn félagatali eða gert grein fyrir fjölda aðildarhópa, vottuðu af stjórn hvers félags, til skrifstofu LUF eigi síðar en viku fyrir sambandsþing. Hafi aðildarfélag ekki skilað inn félagatali eða fjölda aðildarhópa fyrir áður nefndann tíma skal atkvæðafjöldi áætlaður út frá upplýsingum fyrra árs, hafi aðildarfélag ekki skilað inn upplýsingum árinu áður fær það einungis 1 atkvæði til umráða á sambandsþingi. Aðeins fullgildir meðlimir aðildarfélaga á aldrinum 16 - 35 geta talist inn í félagatal sem ræður atkvæðafjölda á sambandsþingi.

Hér að neðan er það form sem skrifstofu LUF þarf að berast við seinasta **23. febrúar**, útfyllt og með undirskrift formanns/forseta/oddvita aðildarfélags. Best er að hlaða upp skjalinu við [skráningu](#) þingfulltrúa, eða senda á youth@youth.is

[Hér eru leiðbeiningar til að búa til og nota rafræna undirskrift í gegnum iOS](#)

[Hægt er að nota DocuSign fyrir android](#)

Landssamband ungmennafélaga
Rafstöðvarvegi 7,
110 RVK

Staðfesting á félagafjölda

Hér með tilkynnist til stjórnar Landssambands ungmennafélaga (LUF) að félagatal
aðildarfélagsins: _____

sé: _____

Aðild að félaginu byggist á:

- ☐ Einstaklingsaðild
- ☐ Félagsdeildum/ráðum

Með undirritun sinni vottar forsvarsmaður félagsins í umboði stjórnar að uppgefnar
upplýsingar séu réttar og samræmist samþykktum LUF. Vakni upp grunur um að
misbrestur sé þar á áskilur stjórn LUF sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum, og eftir
atvikum tilnefna trúnaðarmann til að sannreyna uppgefnar upplýsingar.

Staðfesting formanns/forseta/oddvita:

Dagsetning: _____

Undirskrift: _____